



Reykjavík, 26. febrúar 2021
Fundargerð 223. fundar

Tilvísun: 2101002

Föstudaginn 26. febrúar var haldinn 223. fundur stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. Fundurinn var fjarfundur og hófst kl. 10:10.

Viðstaddir voru Dagur B. Eggertsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Gunnar Einarsson, Haraldur Sverrisson, Ármann Kr. Ólafsson og Ásgerður Halldórsdóttir.

Jafnframt sátu fundinn Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri og framkvæmdastjóri almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins, Birgir Finnsson varaslökkviliðsstjóri og Ástríður Þórðardóttir fjármálastjóri.

Fundarstjóri var Dagur B. Eggertsson, formaður.

Fundarritari var Birgir Finnsson.

Þetta gerðist:

1. Ársreikningur 2020, fyrri umræða

Fyrri umræða um samstæðuársreikning SHS fyrir árið 2020.

Eftirfarandi lagt fram:

- Ársreikningur SHS 2020, drög, ódags.
- Minnisblað vegna ársreiknings SHS 2020, dags. 26. febrúar 2021.
- Endurskoðunarskýrsla Grant Thornton vegna ársreiknings SHS 2020, drög, dags. 26. febrúar 2021.

Afgreiðsla: Kynning.

2. Staðsetning nýrrar slökkvistöðvar

Skoðuð möguleg staðsetning við Tónahvarf 2 í Kópavogi fyrir nýja slökkvistöð.

Afgreiðsla: Kynning.

3. Brunar á urðunarsvæði Sorpu í Álfsnesi

Farið yfir bruna sem orðið hafa á urðunarsvæði Sorpu í Álfsnesi frá árinu 2004.

Afgreiðsla: Slökkviliðsstjóra falið að fara yfir stöðuna með forstjóra Sorpu.

4. Óleyfisbúseta og fjöldaskráningar í íbúðarhúsnæði

Niðurstöður vinnuhóps um óleyfisbúsetu og fjöldaskráningar í íbúðarhúsnæði kynntar, sem og tillögur samráðsvettvangs um sama efni varðandi úrbætur í málaflokknum.

Eftirfarandi lagt fram:

- Skýrsla vinnuhóps um óleyfisbúsetu og fjöldaskráningar í íbúðarhúsnæði, dags. 28. janúar 2020.

Afgreiðsla: Stjórn leggur til að athugað verði hvort ekki sé rétt að vinna að nýrri kortlagningu á óleyfisbúsetu í samvinnu við fleiri aðila sem málið varðar.

5. Innri endurskoðunaráætlun SHS

Innri endurskoðunaráætlun SHS fyrir árin 2021 – 2022 kynnt.

Afgreiðsla: Samþykkt.

6. Breyting á lögum um ársreikninga

Breytingar urðu á lögum um ársreikninga með lögum nr. 102/2020 sem taka þarf tillit til í skýrslu stjórnar með ársreikningum frá og með ársreikningi 2020.

Eftirfarandi lagt fram:

- Bréf frá endurskoðunarnefnd um breytingu á lögum um ársreikninga, dags. 17. febrúar 2021.

Afgreiðsla: Kynning.

7. Samningaviðræður við SÍ vegna sjúkraflutninga

Farið yfir stöðu mála í samningaviðræðum SHS og Sjúkratrygginga Íslands vegna sjúkraflutninga á höfuðborgarsvæðinu. Núverandi samningur rennur út í lok júní.

Afgreiðsla: Kynning.

8. Lífeyrissjóðurinn Brú

Farið yfir stöðu mála vegna bakreiknings frá Lífeyrissjóðnum Brú vegna samtímagreiðslu lífeyrisskuldbindinga á árunum 2017 – 2019.

Afgreiðsla: Kynning.

9. Starfsánægjukönnun

Farið yfir viðbrögð stjórnenda vegna síðustu starfsánægjukönnunar meðal starfsmanna SHS.

Eftirfarandi lagt fram:

- Minnisblað um starfsánægjukönnun, dags. 22. febrúar 2021.

Afgreiðsla: Kynning.

10. Önnur mál SHS

Engin önnur mál.

Fundi slitið klukkan 11:15.

**Fundir vegna AHS verða boðaðir eftir þörfum.
Næsti skipulagði fundur stjórnar er föstudaginn 19. mars.**

f.h. Reykjavíkurborgar,
Dagur B. Eggertsson

f.h. Kópavogsbæjar,
Ármann Kr. Ólafsson

f.h. Hafnarfjarðar,
Rósa Guðbjartsdóttir

f.h. Garðabæjar,
Gunnar Einarsson

f.h. Mosfellsbæjar,
Haraldur Sverrisson

f.h. Seltjarnarnesbæjar,
Ásgerður Halldórsdóttir

Rafrænar undirritanir eru á næstu síðu.

Fylgiskjöl:

SHS:

- Ársreikningur SHS 2020, dags. 26. febrúar 2021.
- Minnisblað vegna ársreiknings SHS 2020, dags. 26. febrúar 2021.
- Endurskoðunarskýrsla Grant Thornton vegna ársreiknings SHS 2020, drög, dags. 26. febrúar 2021.
- Skýrsla vinnuhóps um óleyfisbúsetu og fjöldaskráningar í íbúðarhúsnæði, dags. 28. janúar 2020.
- Bréf frá endurskoðunarnefnd um breytingu á lögum um ársreikninga, dags. 17. febrúar 2021.
- Minnisblað um starfsánægjukönnun, dags. 22. febrúar 2021.